

**A 1572/kultur**

Lagt fram af:  
Menningar- og  
menntamálanefnd

Númer skjals 12-00252-1

## Nefndartillaga um atvinnuleysi ungs fólks – norrænar björgunaraðgerðir

### 1. Tillaga nefndarinnar

Menningar- og menntamálanefnd leggur til, að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að gert verði yfirlit yfir og reynslu miðlað um *bestu framkvæmd* hvað varðar aðgerðir á sviði mennta- og atvinnumarkaðsstefnu eins og félagslega ábyrgð fyrirtækja og hvatakerfi tengdri henni sem geta stuðlað að aukinni atvinnu í formi fleiri nema-, lærlinga- eða starfsþjálfunarstarfa fyrir ungt fólk - æskilegt væri að reynslu væri miðlað í norrænan gagnagrunn sem Norræna velferðarmiðstöðin hefur stofnsett, þar sem geymd eru góð dæmi um *bestu-framkvæmd*, sem geta hvatt ungt fólk á aldrinum 16 - 25 ára til að ljúka framhaldsnámi með það að markmiði að fá atvinnu

að gera yfirlit yfir og skiptast á líkönum um samstarf, þar sem sveitarfélög, menntastofnanir og fyrirtæki vinna saman með það að markmiði að klæðskerasauma mennta- og námsferli, sem aðstoðar (jaðarhópa) ungt fólk við að fá atvinnu

að Norðurlandaráð fái tækifæri til að taka þátt og vinna í verkefninu (t.d. með því að vera áheyrnarfulltrúi) á leiðtogafundinum um atvinnu sem haldinn verður í maí 2013. Þá bjóða norrænu forsætis- og atvinnumálaráðherrarnir til ráðstefnu um atvinnuleysi ungs fólks í Stokkhólmi

að á þinginu 2013 muni Norræna ráðherranefndin gefa skýrslu um nýjar aðgerðir sem settar hafa verið af stað til að koma í veg fyrir atvinnuleysi ungs fólks, þar með talið ekki síst, hvaða aðgerðum í atvinnusköpun með tilvísun í félagslega ábyrgð og með hvetjandi kerfi fyrir fyrirtæki er hægt að mæla með, til að minnka atvinnuleysi á Norðurlöndum

að samþykkja og setja af stað norrænar björgunaraðgerðir sem byggja á sameiginlegri reynslu og *bestu framkvæmd* á Norðurlöndum. Norrænar björgunaraðgerðir/stefnumörkun fyrir ungt fólk ættu að byggja á aðgerðum þjóðlandanna í atvinnumálum og björgunaraðgerðum sem þegar eru til staðar á Norðurlöndum, í þeim ætti að felast norræn framkvæmdaáætlun sem hægt yrði að virkja eins fljótt og unnt er þvert á landamæri norrænu ríkjanna með það að markmiði að löndin hámarki samþættingarvinnu við hreyfanleika og atvinnusköpun á Norðurlöndum með það að markmiði að draga úr vaxandi atvinnuleysi ungs fólks

Norðurlandaráð

## A 1572/kultur

Lagt fram af:  
Menningar- og  
menntamálanefnd

Númer skjals 12-00252-1

## 2. Aðdragandi

Ósk menningar- og menntamálanefndarinnar um að efla nýja tillögu um norrænar björgunaraðgerðir, sem gætu aukið áherslu á nokkur af vandamálum Norðurlandanna hvað varðar atvinnuleysi ungs fólks. Eitt af meginþemum Svía á formennskuári þeirra í Norrænu ráðherranefndinni 2013 er tengt atvinnuleysi ungs fólks.

Nær 20% norrænna ungmenna hefur hvorki menntun né atvinnu. Margir hætta í grunnskóla og hafa því ekki undirstöðufærni, þetta á ekki síst við um drengi og ungt fólk frá innflytjendafjölskyldum. Fjöldi þessa unga fólks verður atvinnulaus. Margar norrænu ríkisstjórnirnar hafa sett sér þau markmið að 95% af hverjum árgangi skuli ljúka skyldunámi og að endingu búa að færni til að stunda atvinnu.

Menningar- og menntamálanefndin vill að þverfagleg áhersla sé mikilvæg, og verði tekin með í björgunaraðgerðirnar. Með þverfaglegu er átt við að það eigi að vera skýr samþætting milli menntunar-, vinnumarkaðs- og félagslegra aðgerða. Aðgerðir sem byggja á menntastefnu eins og rannsóknir og kortlagning mögulegra lausna á vanda sem tengist brottfalli, vinnumarkaðsaðgerðir t.d. frumkvöðlastarf og félagsleg ábyrgð fyrirtækja og hvatningarkerfi tengt henni. Félagslegar aðgerðir geta til að mynda verið vinna að því að brjóta niður neikvæðan félagslegan arf. Nefndin vill þannig breiða nálgun þar sem tekið er tillit til allra þessara atriða.

Þar að auki eru félagslegar aðgerðir, þar sem fyrirtæki með samninga af ákveðinni stærð, eiga að veita tilteknum fjölda ungs fólks atvinnu, enn eitt verkefnið sem vert er að fella inn í björgunaraðgerðapakkan. Félagslegar aðgerðir leiða af sér félagslega ábyrgð fyrirtækja og leið að atvinnusköpun.

## 3. Sjónarmið nefndarinnar

Atvinnuleysi ungs fólks hefur verið á dagskrá á í ýmsu samhengi og er vandamál sem flest norrænu ríkin glíma við. Atvinnuleysi ungs fólks er sameiginlegt almennt vandamál á Norðurlöndunum, sem rætt hefur verið um og rannsakað og norrænu ríkin notað ýmsar aðferðir til að leysa vandann.

Vorið 2013, verður Svíþjóð gestgjafi leiðtogafundar um atvinnu, með þátttöku norrænu forsætis- og atvinnumálaráðherranna og er markmiðið að beina sjónum að vandanum við atvinnuleysi ungs fólks í norrænu samhengi, yfirskriftin verður „Fleira ungt fólk á vinnumarkaði á Norðurlöndum“. Á fundinum verður miðlað reynslu milli Norðurlanda um aðgerðir til að tryggja að fleira ungt fólk komist útá vinnumarkaðinn.

Menningar- og menntamálanefndin leggur til að byggt á ólíkri reynslu Norðurlandanna og aðgerðum sem virkað hafa á sviðinu verði unnin

*björgunaraðgerðaráætlun gegn atvinnuleysi ungs fólks, það er stefna og sameiginleg norræn framkvæmdaáætlun sem á að minnka atvinnuleysi meðal ungs fólks á Norðurlöndunum.* Mikilvægt er að leggja á það áherslu að menningar- og menntamálanefndin óskar eftir skýrri framkvæmdaáætlun sem hægt er að hrinda í framkvæmd eins fljótt og unnt er, þar sem um bráðavanda er að ræða, sem vinna þarf á eins fljótt og unnt er.

Norðurlandaráð

## A 1572/kultur

Lagt fram af:  
Menningar- og  
menntamálanefnd

Númer skjals 12-00252-1

Menningar- og menntamálanefndin staðfestir að fjögur meginþemu formennskuáætlunar Svía í Norrænu ráðherranefndinni 2013 eru: Félagsleg útskúfun, samkeppnishæfni, sjálfbærni og lýðfræði. Og eitt af megin þemum í þessu samhengi verður *atvinnuleysi ungs fólks*. Auk þess gefur menningar- og menntamálanefndin því gaum að ráðherranefndin hefur einnig, innan NORDBUK nefndarinnar, hafið skráningu á rannsóknnum sem gerðar hafa verið á atvinnuleysi ungs fólks, sem mun verða mikilvæg skráning á nýrri þekkingu á sviðinu. Þá hefur Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) fengið það verkefni að setja á stofn, þróa og kynna nýjan gagnagrunn yfir áætlanir og aðgerðir, þar sem góður árangur hefur náðst við að hvetja 16 - 25 ára til að ljúka námi eða fara út á vinnumarkaðinn.

Sameiginlega geta þessar aðgerðir stuðlað að reynslumiðlun og aukinni þekkingu á því hvernig minnka má atvinnuleysi ungs fólks og langtímaatvinnuleysi, auk þess að taka tillit til þarfa þannig að til framtíðar verði tryggt nægt vinnuafli með rétta færni á Norðurlöndunum. Norðurlöndin búa að mikilli reynslu á því hvernig menntun, lagasetning, frjáls för milli landa vegna menntunar og starfa getur haft áhrif á og auðveldað ungu fólki aðkomu að vinnumarkaði. Norðurlöndin búa auk þess að sameiginlegri reynslu af því hvernig þeir sem ekki eru Norðurlandabúar eða innflytjendur eiga oft erfiðara með að ljúka námi og þar af leiðandi erfiðara með að ná fótfestu á vinnumarkaði. Nefndin lýsir því ánægju með nýjar áherslur Norrænu ráðherranefndarinnar „Fleiri ungmenni í störf á Norðurlöndum“. Menningar- og menntamálanefndin hlakkar til þess að reynslu verði miðlað milli Norðurlandanna árið 2013 um aðgerðir sem geta aukið tækifæri ungs fólks til að ná fótfestu á vinnumarkaði og opna leiðir frá menntun í störf. Í framhaldi af reynslumiðluninni hvetur menningar- og menntamálanefndin til þess að unnin verði skýr norræn björgunaraðgerðaráætlun fyrir ungt fólk, sem sett verði í gang til að fækka ungu fólki án atvinnu. Að lokum vísar nefndin í yfirlýsingu um „Gagnkvæma viðurkenningu starfsnáms á Norðurlöndum, sem er önnur aðgerð Norðurlandráðs með það að markmiði að efla hreyfanleika milli Norðurlandanna.

#### 4. Niðurstaða

Á grundvelli þess stóra úrlausnarefnis sem atvinnuleysi er og byggt á ofangreindu leggur menningar- og menntamálanefndin til , að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að gert verði yfirlit yfir og reynslu miðlað um bestu framkvæmd hvað varðar aðgerðir á sviði mennta- og atvinnumarkaðsstefnu og aðgerðir eins og félagslega ábyrgð fyrirtækja og hvatakerfi tengdu henni sem geta stuðlað að aukinni atvinnu í formi fleiri nema-, lærlinga- eða þjálfunarstarfa fyrir ungt fólk - æskilegt væri að reynslu væri miðlað í norrænan gagnagrunn sem Norræna velferðarmiðstöðin hefur stofnsett, þar sem geymd eru góð dæmi, besta framkvæmd, sem geta hvatt ungt fólk á aldrinum 16 - 25 ára til að ljúka framhaldsnámi með það að markmiði að fá atvinnu

að gera yfirlit yfir og skiptast á líkönum um samstarf, þar sem sveitarfélög, menntastofnanir og fyrirtæki vinna saman með það

að markmiði að klæðskerasauma mennta- og námsferli, sem aðstoðar (jaðarhópa) ungt fólk við að fá atvinnu

að Norðurlandaráð fái tækifæri til að taka þátt og vinna með í verkefninu (t.d. með því að vera áheyrnarfulltrúi) á leiðtogafundinum um atvinnu sem haldinn verður í maí 2013. Þá bjóða norrænu forsætis- og atvinnumálaráðherrarnir til ráðstefnu um atvinnuleysi ungs fólks í Stokkhólmi

að á þinginu 2013 gefi Norræna ráðherranefndin skýrslu um nýjar aðgerðir sem settar hafa verið af stað til að koma í veg fyrir atvinnuleysi ungs fólks, þar með talið ekki síst, hvaða aðgerðum í atvinnusköpun með tilvísun í félagslega ábyrgð og með hvetjandi kerfi fyrir fyrirtæki er hægt að mæla með, í aðgerðum til að minnka atvinnuleysi á Norðurlöndum

að samþykkja og setja af stað norrænar björgunaraðgerðir sem byggja á sameiginlegri reynslu og bestu framkvæmd á Norðurlöndum. Norrænar björgunaraðgerðir/stefnumörkun fyrir ungt fólk ættu að byggja á aðgerðum þjóðlandanna í atvinnumálum og björgunaraðgerðum sem þegar eru til staðar á Norðurlöndum, í þeim ætti að felast norræn framkvæmdaáætlun sem hægt yrði að virkja eins fljótt og unnt er þvert á landamæri norrænu ríkjanna með það að markmiði að löndin hámarki samþættingarvinnu við hreyfanleika og atvinnusköpun á Norðurlöndum með það að markmiði að draga úr vaxandi atvinnuleysi ungs fólks

Gautaborg 27. september 2012

*Björt Samuelsen (T)*

*Göran Montan (M)*

*Hans Frode Kielland Asmyhr (FrP)*

*Høgne Hoydal (T)*

*Maria Tolppanen (saf)*

*Olemic Thommessen (H)*

*Peter Johnsson (S)*

*Sínuhe Wallinheimo (saml)*

*Sjúrdur Skaale (Jvfl.)*

*Tuula Peltonen (sd)*

Norðurlandaráð

**A 1572/kultur**

Lagt fram af:

Menningar- og

menntamálanefnd

Númer skjals 12-00252-1